

226. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 25. NÓVEMBER 2014 KL 9

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Skipurit Biskupsstofu
3. Kirkjuþing 2014
Afgreiðsla mála sem vísað er til kirkjuráðs
4. Skálholt
 - a) Rekstraryfirlit vegna 2014 (janúar - september)
 - b) Skálholt, úttekt verkfræðistofunnar Verkís á húsnæði Skálholtsskóla kynnt
 - c) Leigusamningur um rekstur á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla
 - d) Rekstraráætlun leigutaka
 - e) Fundargerð Skólaráðs Skálholtsskóla
5. Fasteignir
 - a) Breytingar á stjórnslu kirkjuráðs vegna fasteigna kirkjumálasjóð (brottfall fasteignanefndar)
 - b) Valþjófstaður, leigumál.
 - c) Ráðning lögfræðings á fasteignasviði
6. Fjármál
 - a) Fjárlagafrumvarp 2015
 - b) Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða
 - c) Kirkjujarðasamkomulagið
7. Þóknananefnd kirkjunnar
Reglur um ferðakostnað innanlands
8. Skipan Kirkjutónlistarráðs
9. Önnur mál
 - a) Skipulag funda á árinu 2015
 - b) Endurskoðaðar reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs

1. FUNDARSETNING

Fundurinn sem var fyrsti fundur nýkjörins kirkjuráðs hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Gestur Jónsson lögmaður sat fundinn er skipurit Biskupsstofu var til umræðu.

Ragnhildur Benediksdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sátu fundinn eftir fundarsetningu og umræðu um skipurit.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings og Egill Heiðar Gíslason, varaforseti boðuðu forföll á fundinn. Drífa Hjartardóttir varaforseti kirkjuþings, séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, Steindór Haraldsson, formaður löggjafarnefndar kirkjuþings, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir formaður allsherjarnefndar kirkjuþings, sátu fundinn þegar kirkjuþing 2014 var til umræðu.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni kirkjuþings og málefni Skálholts voru til umræðu. Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteigna, sat fundinn þegar málefni fasteigna voru til umræðu.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

2. SKIPURIT BISKUPSSTOFU

Biskup Íslands lagði fram til kynningar og umræðu skipurit Biskupsstofu, en skipuritið þarf m.a. að eiga sér stoð í lögum og starfsreglum.

3. KIRKJUÞING 2014

Lagt var fram yfirlit yfir afgreiðslu kirkjuþings 2014 á þeim málum sem vísað var til kirkjuráðs.

1. mál. Ályktanir við skýrslu kirkjuráðs

- Kirkjuþing 2014 hvetur til áframhaldandi samtals við Ríkisútvarpið um framtíð morgun- og kvöldbæna á dagskrá þess.

- Kirkjuþing 2014 leggur áherslu á að félagsmannatal þjóðkirkjunnar verði þróað áfram.

- Kirkjuþing 2014 hvetur til að ekki verið hnikað frá því að lögbundin félagsgjöld kirkjunnar, sóknargjöldin, skili sér til kirkjunnar að fullu.

-Kirkjuþing 2014 fagnar skipan viðræðunefndar kirkjunnar við ríkisvaldið um

kirkjujarðasamkomulagið og væntir þess að staðið verði við nógildandi samning.

Kirkjuráð mun taka mið af ályktunum kirkjuþings við störf sín.

4. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga.

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni málið áfram og safni saman þeim ábendingum og tillögum sem fram hafa komið. Löggjafarnefnd leggur til við kirkjuþing 2014 að óskað verði eftir því við kirkjuráð að kalla eftir umsögnum héraðsfunda og héraðsnefnda. Löggjafarnefnd mun leggja fram tillögu um frekari meðferð málsins á kirkjuþingi 2015.

Formaður löggjafarnefndar kirkjuþings mun taka málið upp á fundi nefndarinnar í desember.

7. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.

Kirkjuþing 2014 samþykkir að vísa breytingartillögu löggjafarnefndar á þingskjali 67 til kirkjuráðs sem sendi hana til kynningar og umsagna héraðsfunda, héraðsnefnda, Prestafélags Íslands og aðildarféлага þess og annarra þeirra kirkjulegra aðila sem málið varðar. Kirkjuráð leggi umsagnir fyrir löggjafarnefnd. Löggjafarnefnd búi málið í hendur kirkjuþingi 2015 og flytji það.

Kirkjuráð samþykkti að útbúinn verði kynningarpakki sem sendur verður þeim sem falið verður að kynna málið í héraði og kalla eftir umsögnum úr héraði.

15. mál. Þingsályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni

Kirkjuþing 2014 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp er leggi fram tillögur sem miði að því að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum sínum til kirkjuráðs sem leggi tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið fyrir á næsta fundi sínum.

16. mál. Þingsályktun um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti

Kirkjuþing hefur kynnt sér meginhugmyndir viljayfirlýsingar um verkefnið SAMFERÐ-Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti. Kirkjuþing styður áform um uppbyggingu Skálholtsstaðar sem eftt getur kirkjulegt starf á staðnum. Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir og gæta hagsmuna Skálholtsstaðar í hvívetna. Kirkjuráð hafi sérstaka hliðsjón af lögum frá 1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Þegar áætlanir liggja fyrir verði þær teknar til umfjöllunar á kirkjuþingi áður en til bindandi ákvarðana komi.

Kirkjuráð samþykkti að halda áfram vinnu við deiliskipulag í Skálholti.

17. mál. Þingsályktun um stjórn Skálholtsstaðar

Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið fyrir á næsta fundi sínum.

19. mál. Þingsályktun um barna- og æskulýðsmál

Kirkjuþing 2014 samþykkir eftirfarandi ályktun frá Kirkjuþingi unga fólksins: Kirkjuþing unga fólksins harmar niðurskurð í barna- og æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins vill undirstrika mikilvægi þess að kirkjan og stjórnvöld standi vörð um barna- og æskulýðsmál og stuðli að uppbyggingu á þeim vettvangi frekar en niðurskurði. Einnig minnum við á ábyrgð þessara aðila gagnvart börnum og unglingum. Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja þá sem stýra í þessum málaflokki að skapa starfsumhverfi sem hlúir að sameiginlegum vettvangi barna- og æskulýðsmála.

Kirkjuráð fagnar þessari ályktun frá kirkjuþingi unga fólksins og mun leitast við að vernda þennan málaflokk á niðurskurðartímum. Biskup mun ræða þetta mál við nýjan innanríkisráðherra í tengslum við endurskoðun sóknargjalda.

25.mál. Þingsályktun um frágang Gerða kirkjuþings frá 1958 til 1997

Kirkjuþing 2014 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að gerðir kirkjuþings frá upphafi, 1958 til og með 1997, verði innskannaðar og settar á vef kirkjunnar, kirkjan.is, og eftir atvikum á vefinn timarit.is.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til biskups.

26. mál. Þingsályktun um endurgreiðslu á virðisaukaskatti

Kirkjuþing 2014 ályktar að skora á Alþingi að samþykkja framkomið frumvarp til laga um að endurgreiða trúfélögum og lífskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

4. SKÁLHOLT

a) Rekstraryfirlit vegna 2014 (janúar - september)

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir Skálholt vegna fyrstu níu mánaða ársins.

b) Skálholt, úttekt verkfræðistofunnar Verkís á húsnæði Skálholtsskóla

Sviðsstjóri fasteigna kynnti úttekt verkfræðistofunnar Verkís á húsnæði Skálholtsskóla sem barst kirkjuráði 24. nóvember sl. Ljóst er að húsnæðið þarfnast mikilla úrbóta sem eru afar kostnaðarsamar og geta tekið langan tíma í framkvæmd.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteigna að vinna málið áfram og kynna kirkjuráði tillögu að aðgerðaráætlun til endurbóta á húsnæði Skálholtsskóla.

c) Leigusamningur um rekstur á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla.

Fyrri kirkjuráð samþykkti á fundi 8. október sl. að fela framkvæmdastjóra að ljúka gerð samnings við Óla Jón Ólason um útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti. Skyldi gengið frá samningi eftir að úttekt hefði verið gerð á ástandi húsnæðis. Eins og bókað er undir staflið b hér að framan var ástandsmat á húsnæði Skálholtsskóla kynnt fyrir nýkjörnu kirkjuráði fyrr á þessum fundi en skýrsla VERKÍS þar um barst í gær 24. nóvember.

Niðurstaða úttektarinnar er sú að verulegra endurbóta sé þörf á húsnæðinu og m.a. séu 5 herbergi í húsinu ekki hæf til útleigu vegna myglusvepps. Mikill kostnaður mun fylgja úrbótunum og auk þess má ætla að leigutekjur muni rýrna vegna þess að hluti húsnæðisins verður ekki nýttur til útleigu fyrr en endurbætur hafa verið gerðar. Þá var kirkjuráði kynnt ný rekstraráætlun væntanlegs leigutaka sem ætlað er að vera fylgiskjal með leigusamningi. Ljóst er af áætluninni að ekki má mikið út af bregða svo ekki verði tap af rekstrinum.

Kirkjuráð tók fyrirætlun um útleigu húsnæðisins til umræðu að nýju, m.a. í ljósi úttektarinnar. Ljóst er að leggja verður í verulegar endurbætur á leiguhúsnæðinu ef þær tekjur eiga að fást sem gengið er út frá í rekstraráætluninni. Óljóst er á þessu stigi hvað viðgerðirnar taka langan tíma ekki síst í ljósi þess að ekkert liggur fyrir um hvernig þær verða fjármagnaðar.

Viðstaddur umræðuna var vígslubiskupinn í Skálholti Kristján Valur Ingólfsson og tók hann jafnframt þátt í henni.

Kirkjuráð ákvað að falla frá gerð fyrirhugaðs leigusamnings þar sem forsendur fyrir útleigu séu brostnar. Framkvæmdastjóra var falið að gera viðsemjandanum grein fyrir þessari niðurstöðu.

Séra Gísli Gunnarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann væri andvígur afgreiðslu málsins.

d) Rekstraráætlun leigutaka Skálholtsskóla

Rekstraráætlun leigutaka var lögð fram til kynningar. Sjá bókun undir staflið c hér að framan.

e) Fundargerð skólaráðs Skálholtsskóla

Fundargerð skólaráðs Skálholtsskóla, lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð mun skipa nýtt skólaráð Skálholtsskóla á næsta fundi sínum.

5. FASTEIGNIR

a) Breytingar á stjórnarsýslu kirkjuráðs vegna fasteigna kirkjumálasjóðs.

Lögð var fram til kynningar samþykkt kirkjuþings á niðurfellingu fasteignanefndar þjóðkirkjunnar. Sviðsstjóri fasteigna kynnti málið.

b) Valþjófsstaður, leigumál.

Kirkjujörðin Valþjófsstaður var auglýst til útleigu á almennum markaði fyrr í haust í kjölfar þess að prestssetrið Valþjófsstaður hefur verið aflagt. Sviðsstjóri fasteigna kynnti minnisblað þar sem ferill málsins var reifaður.

Leigusamningur um jörðina Valþjófsstað I, Fljótsdalshreppi var lagður fram til staðfestingar. Kirkjuráð staðfesti leigusamninginn.

c) Ráðning lögfræðings á fasteignasviði.

Málinu frestað.

6. FJÁRMÁL

a) *Fjárlagafrumvarp 2015*

Fjármálastjóri kynnti þau atriði fjárlagafrumvarpsins 2015 sem tengjast þjóðkirkjunni og bíða annarrar umræðu Alþingis.

b) *Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða*

Lagt var fram minnisblað vegna sóknargjalda þjóðkirkjusafnaða, sem lagt var fram á fundi samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar sem haldinn var á Biskupsstofu 7. október sl. **Kirkjuráð samþykkti að senda erindi til forsætis-, fjármála- og innanríkisráðherra um að sóknargjöldin verði leiðrétt í samræmi við tillögur starfshóps IRR um leiðréttingu sóknargjalda.**

c) *Kirkjujarðasamkomulagið*

Lagt var fram minnisblað vegna kirkjujarðasamkomulags ríkis og kirkju, sem lagt var fram á fundi samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar sem haldinn var 7. október sl.

7. ÞÓKNANANEFND KIRKJUNNAR

Reglur um ferðakostnað innanlands.

Kirkjuráð samþykkti að fela þóknananefnd að vinna tillögur að reglum um ferðakostnað innanlands.

8. SKIPUN KIRKJUTÓNLISTARRÁÐS

Kirkjuráð mun taka málið fyrir á næsta fundi sínum.

9. ÖNNUR MÁL

a) *Skipulag funda á árinu 2015*

Rætt um skipulag funda og dagskrá kirkjuráðs. Gengið er út frá því að fundir kirkjuráðs séu að jafnaði annan þriðjudag í mánuði.

b) *Reglur um störf kirkjuráðs*

Reglur um störf kirkjuráðs lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 16. desember nk.

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari